



## Umsögn um önnur drög aðgerðaáætlunar verkefnahóps um starfsmenntun vegna Hvítbókar mennta- og menningamálaráðherra

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins telja brýnt nýta það tækifæri sem nú er til að breyta starfsmenntakerfinu verulega til hins betra og mikilvægara en nokkru sinni fyrr að raunhæfri og framkvæmanlegri áætlun verði hrint af stað strax í vor.

Samtökin leggja á það ríka áherslu að ráðuneytið vinni hratt að því að kostnaðarmeta fram komnar aðgerðaáætlanir og að forgangsöröðun verkefna og tímasetningar verði unnar í samvinnu við atvinnulífið. Áætlunin þarf að verða sýnileg í fjárlögum menntamálaráðuneytisins fyrir árið 2016 og þeirri áætlun sem ráðuneytið kynnir fyrir komandi ár.

### Starfsgreinanevnd og ráðin tólf

Það er sameiginlegt mat samtaka atvinnurekenda að starfsgreinaráðin séu enn réttur vettvangur atvinnurekenda, launamanna, skóla og ráðuneytis til ákvarðanatöku. Þó þarf að gera nokkrar breytingar á lögum, reglugerðum og vinnulagi til að þau nái tilskyldum árangri og þurfa allir aðilar að koma að þeirri vinnu.

Það eru því nokkur vonbrigði að ekki skuli vera tekið skýrar á vangaveltum síðastliðins árs varðandi hlutverk og skipan starfsgreinaráðanna af hálfu ráðuneytisins og við vinnu verkefnahópsins.

Það er forsenda allra breytinga á starfsmenntun að það fara fram vinna og ákvörðunartaka við nýja framtíðarskipan á hlutverki, verkefnum og verkferlum starfsgreinaráðanna og að sama skapi starfsgreinanevndarinnar. Mikilvægt er að þessi vinna fari fram núna í vor þannig að hægt verði að framkvæma þær breytingar sem ákveðið verður strax næsta haust.

### Vangaveltur um þá liði sem settir eru fram í aðgerðaáætluninni

#### 1. Koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda

1a)

Skoða þarf útfærslu nánar en að mati atvinnurekenda þarf hver nemandi að eiga möguleika á að komast á fleiri vinnustaði. Því er ekki víst að þríhliða samkomulag/samningur sé endilega rétta útfærslan.

1b)

Hér er rétt að komi skýrt fram hver inntökuskilyrðin eru í dag og eins hverjar inngönguleiðirnar eru.

Lagt er upp með að grunnnámið verði breiðara og gefa þannig mynd af fleiri áframhaldandi starfsmenntaleiðum þannig að spurning er hvort sé meira virði fyrir nemandann að fá ákveðin réttindi s.s. í skyndihjálpi, á vinnuvélar o.fl. eða áherslu á bóknám?

Mat okkar er að grunnnám þarf að vera stutt og í flestum tilfellum styttra en það er í dag og því er áhugavert að skoða hvernig hægt er að nýta lokaárið í grunnskóla til frekari kynninga á starfsnámi.

1c)

Hér vísum við aftur í 1b) þar sem talað er um að núverandi inngönguleiðir séu enn í boði og því þarf að skýra betur hvaða breytingar er hér verið að leggja fram.

Þarna skiptir verulegu máli hvort breytingar verða gerðar samhliða í grunnskóla, skýra þarf betur styttingu náms fyrir nemendur sem þegar eru með skýr markmið og jafnvel samning. Einnig þarf

að skilgreina raunfærnimatsleiðina betur og kveða á um raunfærnimatið í lögum þannig að tilraunátíma raunfærnimatsins ljúki og um raunverulegan valkost til framtíðar verði að ræða.

1d)

Hér þarf að koma skýrara fram að ferilbókin nái bæði yfir skóla- og vinnustaðarhluta námsins og færa í lög.

1e)

Hér er mikilvægt að strax næsta haust verði farið af stað með tilraunverkefni sem undirbúin eru í samstarfi allra hagsmunaaðila. Þannig verði hægt að yfirfæra reynslu af tilraunaverkefnum sem samstaða er um að virki vel. Þegar liggur fyrir ósk um tilraunaverkefni í stálsmiði hjá ráðuneytinu.

1f)

Okkur er ekki ljóst hvaða breytingum er hér verið að tala fyrir en þarna þarf að koma fram að hæfnikröfur þurfa að vera í sífelldri endurskoðun og skilgreina þarf betur verkferlin við þá endurskoðun.

1g)

Varðandi hæfnisrammann er mikilvægt að hlustað sé á sjónarmið atvinnulífsins, þ.m.t. áherslur tengdri framhaldsfræðslunni.

1h)

Atvinnurekendur telja ekki rétt að það sé alfarið hlutverk stjórnvalda að skilgreina aðgangsstýringu, þar hlýtur atvinnulífið að hafa mikið vægi. Í þessu samhengi er brýnt að setja í forgang greiningar á mannafla- og menntunarpörf.

1i)

Klasahugsunin gengur ekki upp án breytinga meðal annars á reiknilíkani sem styður við samstarf milli framhaldsskólanna.

## 2. Efla vinnustaðanám og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka sínu námi

2a)

Er hér ekki verið að koma inn á það sem fjallað er um í 1a) og því mikilvægt að samræma þessa tvo liði?

2b)

Þarna er kannski komið inn á mikilvægi þess að samræmis sé gætt, hæfnikröfur þurfa að endurspeglast í námsskrá, námsbrautarlýsingum og ferilbók og skila sér að lokum inn í lokapróf í greinunum.

2c)

Hér þarf að vinna að betri útfærslu og um leið gera lagabreytingar ef þörf krefur. Hvers konar þjálfun er hér verið að tala um og hver á að bera ábyrgð á henni? Atvinnurekendur hafa sínar hugmyndir um það og telja að þessi þjálfun vinnustaða eigi heima í endurmenntunarkerfi þessara greina sbr. IDAN og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins.

2d)

Hér er ljóst að taka þarf ýmsar ákvarðanir áður en lengra er haldið í breytingu starfsmenntunar sbr. tilraunaverkefni í stálsmiði sem liggur fyrir í ráðuneytinu.

2e)

Það er mikill skilningur á að hægt verði að tryggja öllum sem standast tilskildar kröfur tækifæri á að ljúka námi. Hér þarf atvinnulífið að koma mun ákveðnara að borðinu og eru nú þegar nokkrar hugmyndir uppi um framkvæmd sem getur haft mikil áhrif á vinnustaðanám í framtíðinni.

2f)

Hér er mikilvægt að starfsnámskólum verði gert kleift að sinna þessu hlutverki en einnig þarf að slípa til ýmsa þætti atvinnulífsmegin.

### 3. Byggja upp fagháskólastig til framtíðar

3a)

Mikilvægt að þetta verði sett fram myndrænt og verði hluti af PR málum nýja starfsmenntakerfisins. Þá er brýnt að straumlínulaga kerfið og lágmarka eins og hægt er frumgreinadeildir.

3b)

Mikilvægt að nefndin taki til starfa strax á vormánuðum þar sem þetta er ein forsenda breytinga á starfsmenntakerfinu.

### 4. Koma á skilvirkri stjórnsýslu starfsmenntamála

4a)

Hér vísum við til ofangreindrar umfjöllunar um starfsgreinaráð og nefnd. Okkar mat er að þetta sé forsenda allra annarra breytinga

4b)

Þessar breytingar einar og sér eru ekki nægjanlegar til að starfsmenntakerfið fari að virka á Íslandi og vísum í að hér þurfi að ljúka vinnu sem í raun var hafin en því miður ekki kláruð við skipan starfsgreinaráða í upphafi árs.

4c)

Vísa hér í fyrri umfjöllun um starfsgreinaráð og nefndir.

4d)

Vísa hér í fyrri umfjöllun um starfsgreinaráð og nefndir.

4e)

Vísa hér í fyrri umfjöllun um starfsgreinaráð og nefndir.

4f)

Hér þarf að skoða mun betur hvernig starfsmenntakerfi á að virka til að fullyrða eitthvað um hugsanlega stöðu nemaleyfisnefnda. Í dag er umboð fyrirtækja til að taka nema á samning í lðnarlöggjöfinni (42/1978).

4g)

Hér á við það sama og í 4f)

4h)

Atvinnurekendur taka heilshugar undir að byggð verði upp upplýsingaveita og leggjum til að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, IÐAN og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins verði þar höfð með í ráðum.

4i)

Vísa hér í fyrri umfjöllun um starfsgreinaráð og nefndir.

4j)

Hér er afar mikilvægt að tekið verði inn í matið þau margfeldisáhrif sem verða þegar þjónustuaðilar eru í beinum samskiptum við atvinnulífið og þannig verði tryggt að þau verði ekki fyrir borð borin.

### 5. Fjölga nemendum sem velja starfsnám á framhaldsskólastigi og ljúka því

5a)

Hér á það sama við og í 2f) þannig að ef þessi góða hugsun verður innleidd er mikilvægt að starfsnámskólum verði gert fjárhagslega kleift að sinna þessu hlutverki en þarf að skoða í ljósi forgangsröðunar.



5b)

Þarna er nauðsynlegt að ráðuneytið verði samkvæmt sjálfu sér en þessu verkefni hefur að vissu leyti verið útvistað til Verkiðnar og ákvörðun ráðuneytisins um fjármögnun vegna Íslandsmóts 2016 þarf að liggja fyrir í lok apríl.

5c)

Eins og hér kemur fram er verkefnahópur að vinna að tillögum um hlutverk náms- og starfsráðgjafar. Hér þarf að tryggja tengingu náms- og starfsráðgjafar við atvinnulífið og að nám og endurmenntun þessara ráðgjafa taki mið af atvinnulífinu í meira mæli en verið hefur.

5d)

Skiljum þetta á sama hátt og lið 3a) og þessi myndræna framsetning þarf að skapa eina heild.

5e)

Ef skoða á að hafa reglulegar áhugasviðsgreiningar þurfa þær að vera annars konar en nú tíðakast í skólakerfinu.


Samtökin undirstrika fyrri áherslur og ábendingar, ekki síst fyrrgreindar áherslur sem settar eru fram með stjórnendum starfsnámsskóla. Jafnframt áskilja samtökin sér rétt til að koma með ábendingar nú sem fyrr á öllum stigum málsins.

Reykjavík 13. apríl 2015

f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

  
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir